Ár 1973, mánudaginn 3. desember, var í málinu nr. 48/1973 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

**ú r s k u r ð u r :**

Málavextir eru þeir, að með bréfi dags. 24. september 1973, hefur Félag íslenzkra símamanna óskað eftir úrlausn Yfirfasteignamatsnefndar um, hvort skylt sé að svara fasteignaskatti af eftirtöldum fasteignum:

1. Sumarbústaður ásamt landspildu (fasteignanr. 9998-1070) í Tungudal, Ísafjarðarsýslu, og er fasteign þessi metin á kr. 212.000,- í fasteignamati.
2. Sumarbústaður ásamt landspildu (fasteignanr. 6604-67003) í Hálshreppi, Þingeyjarsýslu, og er fasteign þessi metin á kr. 210.000,- í fasteignamati.
3. Sumarbústaður ásamt landspildu (fasteignanr. 9998-7600) í Egilsstaðahreppi, Suður-Múlasýslu, og er fasteign þessi metin á kr. 232.000,-.
4. Fimm sumarbústaðir ásamt 25 hektara landspildu (fasteignanr. 1200-0010) í landi Austureyjar II í Laugardal, Árnessýslu, og er fasteign þessi metin á kr. 3.217.000,-.

Í ofangreindu bréfi lætur Félag íslenzkra símamanna þá skoðun í ljós, að umræddar fasteignir sé allar undanþegnar fasteignaskatti, þar sem um sé að ræða orlofsheimili launþegasamtaka, er njóti slíkrar undanþágu samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga. Nánari rökstuðningur er í bréfi þessu og bréfi, dags. 7. nóvember 1973, og auk þess hefur félagið sent ýmis gögn máli sínu til stuðnings.

Í 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt, segir m.a., að undanþegin fasteignaskatti séu orlofsheimili launþegasamtaka. Skýra verður ákvæði þessi svo, að til launþegasamtaka geti yfirleitt aðeins talist almenn félagssamtök starfsmanna tiltekinna starfsgreina, er séu í fyrirsvari fyrir starfsmennina í heild.

Samkvæmt lögum Félags íslenzkra símamanna er markmið félagsins að efla samtök símamanna, gæta hagsmuna þeirra um starfs- og launakjör og efla starfsþekkingu þeirra, sbr. nánar 3. gr. Allir fastir starfsmenn Landssímans geta orðið félagsmenn, sbr. 12. gr. Félagið skiptist hins vegar í umdæmis- eða félagsdeildir, og eiga umdæmisstjórnir að hafa umsjón með eignum félagsins í hverju umdæmi, séu ekki aðrir til þess kjörnir eða ráðnir, sbr. 4. gr.

Með hliðsjón af ofangreindum upplýsingum og öðrum gögnum, sem máli skipta, verður að telja nægilega í ljós leitt, að fullnægt sé skilyrðum 5. gr. laga nr. 8/1972 fyrir undanþágu frá fasteignaskatti, sbr. ennfremur 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972. Samkvæmt því er Félagi íslenzkra símamanna óskylt að svara fasteignaskatti af umræddum fasteignum.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Félagi íslenzkra símamanna er óskylt að svara fasteignaskatti af ofangreindum fasteignum.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson                                        Pálmi Jónsson